



Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Reykjavík 23. maí 2024

Efni: Umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um útlendinga nr. 80/2016 (alþjóðleg vernd), mál nr. 722.

Vísað er til erindis allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 22. maí sl. þar sem óskað er eftir álitum umboðsmanns barna á breytingum varðandi fjölskyldusameiningu í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 80/2016 (alþjóðleg vernd), 722. mál.

Í frumvarpinu er m.a. lagt til að aðstandendur útlendinga sem fengið hafa viðbótarvernd eða mannúðarleyfi hér á landi öðlist ekki rétt til fjölskyldusameiningar fyrr en a.m.k. tveimur árum liðnum eftir veitingu viðbótarverndar eða dvalarleyfis á grundvelli mannúðarsjónarmiða enda hafi sá aðili fengið dvalarleyfi sitt endurnýjað. Ekki eru lagðar til breytingar á rétti aðstandenda fylgdarlausra barna til fjölskyldusameiningar.

Samkvæmt 10. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sem lögfestur var hér á landi með lögum nr. 19/2013 ber að afgreiða beiðni barns eða foreldris þess um að koma til eða fara frá aðildarríki vegna endurfunda fjölskyldu með jákvæðu hugarfari, mannúðlega og með skjótum hætti.

Barnaréttarnefnd sameinuðu þjóðanna hefur lagt áherslu á það að aðildarríkjum Barnasáttmálans beri að tryggja að umsóknir um fjölskyldusameiningu séu afgreiddar með jákvæðu hugarfari, á mannúðlegan hátt og með skjótum hætti, þá beri að stuðla sérstaklega að sameiningu barna og foreldra. Þegar börn verða viðskila við foreldra sína og/eða systkini (hvort sem foreldrar eru hér á landi án barnsins eða barnið án foreldra sinna eða systkina) ber að líta til friðhelgi fjölskyldunnar þegar mat er lagt á bestu hagsmuni barns við ákvarðanatöku um fjölskyldusameiningu.

Að þessu virtu er það mat umboðsmanns barna að þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpi þessu hafi eðli máls samkvæmt þær afleiðingar að tefja fyrir fjölskyldusameiningu og þær samræmist því ekki ákvæðum Barnasáttmálans.

Umboðsmaður barna er meðvitaður um að munur sé á alþjóðlegri vernd og viðbótarvernd, m.a. vegna þess að viðbótarvernd er veitt með vísan til almenns ástands í heimaríki viðkomandi á meðan alþjóðleg vernd snýr að einstaklingsbundnum aðstæðum viðkomandi, þ.e. hann hafi persónulega orðið fyrir ofsóknum eða sé í hættu á að verða fyrir ofsóknum. Þá hefur einnig verið bent á það sem rökstuðning fyrir þessum breytingum að viðbótarvernd og mannúðarleyfi séu dvalarleyfi sem sé ætlað að mæta aðstæðum sem séu iðulega tímabundnar í eðli sínu og því sé lagt til að þau veiti ekki rétt til fjölskyldusameiningar við útgáfu fyrsta leyfis. Það breytir því hins vegar ekki að réttur barna til fjölskyldusameiningar er sá sami hvort sem dvalarleyfi byggir á alþjóðlegri vernd, viðbótarvernd eða vernd á grundvelli mannúðarsjóarmiða. Það er þess vegna mat umboðsmanns barna að það sé ekki í samræmi við 2. gr. Barnasáttmálans að takmarka sérstaklega rétt tilgreindra hópa barna til fjölskyldusameiningar.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna